

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 88/2022**

2022/EES/45/43

frá 18. mars 2022

**um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1211 frá 22. júlí 2021 um breytingu á framkvæmdarákvörðun (ESB) 2016/2323 um að koma á fót Evrópskrá yfir skipaendurvinnslustöðvar samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1257/2013 <sup>(1)</sup>.
- 2) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 32fhd (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2323) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„– **32021 D 1211:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1211 frá 22. júlí 2021 (Stjtíð. ESB L263, 23.7.2021, bls. 13).“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1211, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi 19. mars 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 18. mars 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

*Nicolas von Lingen*

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtíð. ESB L 263, 23.7.2021, bls. 13.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.